



MYND2VL05

Kennsluáætlun – haustönn 2015

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennarar áfangans:

Ágústa Ragnarsdóttir (ARA, agustaragnarsdottir@gmail.com)

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

Áfangalýsing:

Í áfanganum munu nemendur fá að skreyta vegg utandyra. Verkefnið krefst góðs undirbúnings í formi hugmyndavinnu og skissugerðar og að geta nýtt sé leikni í hlutföllum og rúðustækkunum. Málað verður á vegginn og eitthvað spreypjað. Veggurinn sem um ræðir þessa önn snýr að bílastæði FSu og markar skil á milli íþróttasvæðis og FSu. Sveitarfélagið Árborg sem veitti leyfi til þess að veggurinn færi undir verkefnið skilgreindi þema en það verður Bókabæirnir austanfjalls.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- muninum á veggjakroti og veggjalist.
- mikilvægi á góðri undirbúningsvinnu.
- mikilvægi þess að fá samþykki frá viðeigandi aðila fyrir verkum sem þessum.
- mikilvægi listar í umhverfinu.
- að verk sem þetta eru komin til að vera og fyrir allra augum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- umræðu varðandi þema og komast að sameiginlegri niðurstöðu í uppsetningu verks.
- undirbúningsvinnubrögðum fyrir verk af þessari stærðargráðu með skissu- og hugmyndavinnu.
- mikilvægi þess að skissan sé vel unnin svo eftirleikurinn verði viðráðanlegri.
- að búa til skapalón sem og nýta sér rúðustækkun vegna stækkunar.
- að mála og spreypja endanlegt verk á viðkomandi vegg í viðunandi útliti sem allir geta sætt sig við.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- gera sér grein fyrir því að það krefst vinnu og samtalsferlis að útvega sér vegg að vinna á.
- vinna veggjalist allt frá hugmyndavinnu og endanlegu verki.

Kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glærur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur. Nemendur þurfa sjálfir að mæta með blýanta og strokleður.

Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir skissur sínar.
- Áfanginn í próflaus símatsáfangi þar sem öll vegferðin (áhugi, vinnusemi, vinnubrögð, mæting, samvinna, hugmyndavinna o.fl.) er metin auk endanlegrar niðurstöðu.

Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 6500 kr og skal það borgað á skrifstofu sem allra fyrst eða síðasta lagi fyrir 1. sept. 2015.

Annað

- Fyrri hluti annarinnar verður einkum inni en þann seinni verður farið út að vinna vegginn og verðum við að vonast eftir því að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir. Þegar útiveran kemur inn í myndina verða nemendur að vera klæddir svo þeir þoli útvist við lítið hitastig!
- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.
- Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar.